

Ferðanefnd 2014 var skipuð þeim : Bjarna Kristinssyni, Einari Sveini Magnússyni, Guðmundur Jón Björgvinssyni, Páli Reynissyni, Guðna Páli Viktorssyni, Hildi Einarsdóttur, Lárusi Guðmundssyni, Örlygi Sigurjónssyni, S. Perlu Thorsteinson og undirrituðum Gunnari Inga Gunnarssyni. Gísli H.F. tók að sér munaðarlausu ferð um Jónsmessu.



Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipulegur ferð, fær nauðsynleg leyfi t.d. að fara um einkalönd og gistingu þar sem það á við. Hefðin hefur verið að hver nefndarmaður hefur tekið að sér að minnsta kosti eina ferð í skipulagningu og fararstjórn.

Að venju þurfti ekki marga nefndarfundir. Einn fundur í byrjun febrúar og tölvupóst samskipti fyrir og eftir þar sem hugmyndir voru vegnar, metnar og úthlutað. Ferðadagsskrá var svo auglýst fyrsta febrúar.

Ferðadagsskrá var nokkuð hefðbundinn, róður á Sjómannadag, Jónsmessu, Breiðafjarðaferð á sínum stað, róður á vatni og dagsróðar í nágrenni höfuðborgarinnar.

Örlítið var veðrið skárri þetta sumarið, alla vega var betri dreifing á góðum dögum yfir landi allt. Þó hafði það áhrif á róða, einn færður til um landsfjórðung, einum alveg aflýst og einum tókst að bjarga með því að færan í skjól frá ríkjandi NA áttinni. Þáttaka í ferðum glæddist nokkuð þó voru enginn þátttökumet sleginn.

Ég þakka ferðanefnd og fararstjórum samstarfið og kayak ræðurum samveruna.

Gunnar Ingi Gunnarsson



Myndir í skýrslu eftir :

- (JG) Jónas Guðmundsson
- (SP) Sigríður Perla
- (MARC) Marc Henry Trancart
- (HH) Hákon Halldórsson
- (SAS) Sveinn Axel Sveinsson
- (SH) Sævar Helgason
- (GHF) Gísli H. Friðgeirsson
- (GIG) Gunnar Ingi Gunnarsson
- (ORSI) Örlygur Sigurjónsson

# Hvalfjörður

sun 6.apríl 2014

## Fararstjóri Örlygur Steinn Sigurjónsson

Upphaflegt plan var að róa frá Stokkseyri að Selvog en því var aflýst vegna mikillar haföldu vestan við Þorlákshöfn. Plan B var róður í Hvalfirði.

Fimm félagar tóku þátt og var sjósett í Hvammsvík kl. 12:55 og haldið áleiðis að Hvammshöfða í austan stinningskalda og vænu pusi. Mjög líflegt sjólag og ekta hopperí þennan dag. Þaðan róið austur að Þyrilsnesi og inn að Múlafjalli þar sem áð var í góðu skjóli, þótt kyrrstaðan vekti sveittum ræðurum hroll. Eftir kaffi, ömmusnúða og kryddköku handa öllum, var sjósett á ný og juðuð áfram í mótvindinum langleiðina inn að brúnni yfir Botnsá, en útfallið með tilheyrandi grynningum stöðvaði leiðangurinn rétt vestan brúar. Var því haldið heim á leið og skyldi nú aldeilis snúa taflinu við og njóta meðvinds sem við áttum svo skilið. Gekk það vel nokkur áratök - en fljótt skall á með snakablíðu. Komum í Hvammsvík klukkan 17:45 í stillu og regnúða.



Ágætis ferð sem tók vel í og endaði á rólegu nótunum. Fín byrjun á ferðasumrinu.

Þátttakendur voru Perla, Markó, Toggi, Páll R og Örsi.



# Þingvellir róíð innan Þjóðgarðs

13. apríl 2014

Farastjóri Einar Sveinn Magnússon

Róðurinn var færður yfir á sunnudag vegna veðurs.



Við hófum róðurinn við enda Valhallarstígs og rérum sem leið lá upp Silfrulón og upp gjárnar upp að Silfru, en nokkrar ræðarar fóru inn í Silfru. Því næst var haldið niður í vatnið aftur og róíð meðfram landi. Undir tjaldsvæðinu var tekið kaffistopp, þaðan var róíð í endann á Arnarfellinu og við þveruðum yfir vatnið frá Arnarfellinu og yfir í Nestá. Þar var annað kaffistopp. Héldum við þá meðfram landi og rérum eftir sprungum sem liggja í vatninu sem var afar tilkomumikið og gríðarlegt dýpi. Við rérum meðfram sumarhúsalóðunum og að bílunum.



Það voru 24 ræðarar sem réru Þingvallaróðurinn. Róðrarstjóri í þessari ferð var Klara Bjartmarz.



# Eyjahopp Geldingarnes Nauthólsvík

17.maí 2014

Fararstjóri S. Perla Thorsteinson



Fimmtán vaskir ræðarar lögðu upp frá Geldingarnesi í morgun kl. 10:15. Farið var suður fyrir Viðey og yfir í Engey þar sem kaffistopp var tekið í fjörunni. Frá Engey var stímt beint yfir á Gróttu sem gekk klakklaust fyrir sig fyrir utan smá töf á sjó þegar markeiparnir voru stöðvaðir til að hleypa hvalaskoðunarbát fram hjá. Við Gróttu var um hálf tíma kaffi stopp þar sem menn nutu smá sólarglætu. Marco fór þar á kostum, skenkti í glös handa öllum hópnum og bauð upp á bakkelsi þannig að það voru glaðir ræðarar sem fóru aftur á sjó.



Frá Gróttu var haldið í einum ríkk inn í Nauthólsvík. Þegar komið var fyrir Búðagranda fengum við smá vind á móti en ekki var hann mikill og stuttu síðar fengum við smá rigningu, sem sagt ekta íslenskt veður.

Rétt áður en komið var inn í Nauthólsvík mættum við sjósundsmanni og Guðni var herra mennskan uppmáluð og bauð honum far sem reyndar var ekki það.

Það voru sáttir ræðarar sem lögðu að landi í Nauthólsvík kl. 15:20.



Þessir réru: Örlygur (skipaður róðrarstjóri), Lárus, Kolla, Trina, Marco, Jónas, Hildur, Sveinn Axel, Guðni, Gunnar Ingi, Magni (að Eyjaslóð), Guðrún (að Gróttu) Kristinn, Gummi Breiðdal og Perla.

# Hörpuróður

2.júní 2014

Fararstjóri Bjarni Kristinsson

Hörpuróðurinn fór fram í gær, á Sjómannadeginum og var bara ansi fjölmennur. Það viðraði vel, hæg suðlæg átt, með stöku smáskúrum.




Frá Skarfakletti réru 22 og einir 3 úr Geldinganesi. Einn eða tveir bættust svo við í Reykjavíkurhöfn og réru með til baka að Skarfakletti. Beðið var með að fara til baka, þar til hópurinn hafði tekið þátt í björgunaræfingu með Gæsluþryllunni. Þá „flekaði“ hópurinn sig, einn lék þar slasaðan kayakræðara, sem hífður var upp í þylu og var svo slakað niður á bryggjustúfinn neðan slíppsins. Sá skilaði sér aftur til sjávar með stökki fram af, án atrennu. Þetta gerði Guðni Páll líka af annarri bryggju, en með atrennu.

GG Sjóspórtsmenn keyrðu um höfnina á 50 hestafla tvíbyttum, þræl skemmtilegum á að sjá, og gættu þess að fara ekki undir 4 mílna lágmarkshraðann innan hafnar.



Nokkur umferð var um höfnina og Rauðarárvíkina, bæði af bátum og skipum. Þetta var fín róður og ýmsir skemmtilegir atburðir í gangi.



# Jónsmessuróður við sumarsólstöður

21. júní 2014

Fararstjóri Gísli H. Friðgeirsson

Skemmtilegur róður á söguslóðum og án allra vandamála.

Vestanáttin, líklega um 5-6 m/s, lá inn Hvalfjörðinn og einnig inn í Kjósina þannig að vindur var með okkur inn að Laxá en síðan á móti og var nokkur alda þar sem við lentum á Búðasandi utan við Maríuhöfn. Þaðan var róið upp í vindinn, með ölduna aðeins á hægri hönd til baka. Tíminn var eftir áætlun og lauk róðri upp úr miðnætti og er þetta dimmasta sólstöðunótt sem ég hef róið í.



Þeir sem reru voru Jónas, Marc, Gummi Björgvins og Sólveig, Örlygur, Reynir Tómas, Sævar, Einar og Margrét, Daníel, Bjarni og undirritaður.

Róðurinn var að lengd og erfiðleikastigi eins og venjulegur félagsróður, en umhverfið og sagan varð til þess að hugurinn leitaði um 600 ár aftur í tímann.



# Dagsferð á Mýrarnar

28. júní 2014

Fararstjóri Hildur Einarsdóttir



Veðrið lék við okkur og skartaði náttúran sínu fegursta á þessu fallega róðarsvæði. Gylfi bóndi í Miðhúsum tók vel á móti okkur og lóðsaði okkur niður í fjöruna, þar sem róðurinn hófst. Rérum við að Kóranesi þar sem tókum nestispáðu og héldum síðan að Knarrarnesi og áðum í Niðurnesi sem tengt er Knarrarnesi á fjöru. Rérum síðan vestur fyrir Knarrarnes og að landi þar sem ferðin endaði.



12 ræðarar mættu í róðurinn, Jónas, Helga, Páll, Marc, Þorsteinn, Þorbergur, Egill, Marta, Guðmundur, Sólveig, Sveinn Axel og Hildur.

Þetta gerði tæplega 18 km.



# Langisjór

11. júlí 2014

Fararstjóri Guðmundur Jón Björvinsson

Ferð klúbbsins aflýst vegna slæmar veðurspár.

Gísli Friðgeirsson fór hins vegar með sinni spúsu og tók saman eftirfarandi lýsingu:

*Við Lilja fórum á Langasjó en hittum enga ræðara þar í klúbbferð eins og geta má nærri. Ferð okkar var einkaferð og ferðasagan á þannig séð ekki heima á klúbbsíðunni. Smá vangaveltur eiga þó e.t.v. erindi hér. Lilja er hægur ræðari og miðaðst okkar plan við að vera 3 daga á vatninu í stað tveggja. Við vorum í sumarleyfi og þurftum því ekki að binda okkur við að róa á laugar- og sunnudegi. Veður reyndist vera gott á sunnudeginum, þannig að við rerum stutt á laugardagskvöldi í roki og rigningu, tjölduðum í eyju eftir 7-8 km og notuðum síðan sunnudaginn til að róa inn að jökli, ganga upp í fjallshlíð ofan við upptök Skaftár og snerum síðan aftur í tjaldið á sama stað. Róið var svo til baka og haldið heim á mánudegi.*



*Það hefur sýnt sig að erfitt er að velja helgi löngu fyrirfram til að róa í blíðu á þessu svæði. Guðrún Nína veðurfræðingur var að skoða vindhegðun hér á landi og Jökulheimar er mesti rokrass landsins, en það er rétt norðan við Langasjó.*

*Niðurstaða þessara hugleiðinga er:*

*Klúbbferð á Langasjó þarf að vera með sveigjanlegum dagsetningum og lokaákvörðun svo tekin með stuttum fyrirvara. Sjálfur hef ég tvisvar þurft að aflýsa ferð á Langasjó. Það verður síðan að ráðast hverjir komast með.*



# Breiðafjörður

08. ágúst 2014

Fararstjórar Lárus Guðmundsson og Guðni Páll Viktorsson

Þann 7 ágúst var haldið Breiðafjörð þar sem við fetum í fótspor Reynis Tómasar sem hefur haft veg og vanda af þessum vinsælu ferðum í áratug eða svo, við nutum góðs af góðu orðspori Reynis og Kayakklúbbsins hvar sem við bárum niður við undirbúning ferðarinnar.

## Akureyjar undirbúnað

Akureyjar urðu fyrir valinu að þessu sinni en sannarlega eru margar frábærar eyjar sem við hefðum getað heimsótt.

Við unnum heimavinnuna eftir bestu getu, hringdum í eyjaskeggja Birgi og Lilju og fórum í heimsókn og skoðuðum aðstæður og handsöluðum leyfi til dvalarinnar, sem var auðfengið, ásamt því að hitta bændur á Skarðströnd, Höllu Steinólfsdóttur sem er eigandi hluta Akureyja og Sigurð og Steingrím eigendur Hróteyja.

Allt var klappað og klárt nema veðrið þar höfðum við ekki eins góð sambönd enda var útlitið ekki uppá það besta fyrir helgina, norðaustanátt og vindur í efri mörkum að okkar mati en í ljósi þess að hópurinn sem var skráður til fararinnar var sterkur og vel vanur héldum við okkar striki þó efasemdar raddir innra með okkur létu vissulega á sér kræla.

## Fimmtudagur Staðahóll

Við Guðni ásamt Kollu, Gísla Karls, Gunnari Inga og Marc héldum í dalina eftir hádegi á fimmtudegi og slógum upp tjöldum á Staðarhóli.


Kvöldið var svo notað til að skoða aðstæður í Akureyjum frá landi og útlitið var ekkert mjög slæmt en heldur ekki hið besta.

Við höfðum undirbúið plan B ef hið fyrra gengi ekki eftir, höfðum verið í sambandi við Jón í Purkey um að fá að koma þangað og Svein eiganda Hnúks til að fá að skilja bíla eftir við Kvennhólsvog, hvoru tveggja var vel tekið.

Við ókum út fyrir Klofning og í Kvennhólsvogi var útlitið miklu betra en Skarðstrandar megin og þar sem veðurútlit var svipað fyrir helgina og það var þetta kvöld töldum við okkur hafa nokkuð gott B-plan.

## Föstudagur Ytra Fell

Föstudagur rann upp og við Guðni tókum daginn snemma og fórum í bíltúr út á Skarðströnd og munduðum kík og vindmæli og útlitið var ekki gott hvítt í báru og mælirinn sló í 13 m.sek. í landi við Foss þar sem þó virtist vera mun lygnara en úti á firðinum.



Við höldum til baka þar sem von var á ræðurum sem við ætluðum að hitta um hádegi. Í ljósi aðstæðna kvöldið áður tókum við fram B-planið, hringdum nokkur símtöl og málið virtist vera leyst, við stefndum á Purkey.

Við Kvennhólsvog var ekki lognið sem við höfðum vonast til að finna þar heldur hávaða rok þar sem vindmælir Guðna sló í 23 m.sek a augabragði.



Þar fór það plan fyrir lítið og nú voru góð ráð dýr og ýmsum möguleikum velt upp, i samtölum mínum við Svein á Hnúki hafði hann nefnt að ágætis aðstaða til sjóferða og tjald dvalar væri á Ytra Felli sem er nokkrum kílómetrum austar á Fellsströnd, Gunnar Ingi átti heimboð á Harrastöðum sem eru í næsta nágrenni Ytra Fells þannig að við áttum uppi i erminni plan C

og D, símanúmer Björgvins á

Ytra Felli var grafið upp og hringt, þar gátum við fengið að sjósetja og tjalda ef okkur hugnaðist það.

Þar var veður allt annað hægur vindur og útlitið allt annað en vestan við eyjaklasann, þar sem við vorum alls óundirbúnir fyrir þennan dvalarstað var ákveðið að tjalda og róa dagróðra enda aðstaða þarna góð og salernisaðstaða og vatn í boði gegn vægu gjaldi.

Föstudags seinnipart var róinn stuttur róður inn að Harrastöðum svona til að skoða aðstæður þar, þegar í náttstað var komið var safnast saman i klúbbtjaldinu og spjallað .

## Laugardagur Purkey

Laugadagurinn var var nýttur i dagróður i vestur átt, við lofuðum engu en stefndum á að hádegismatur yrði snæddur í Purkey, sem við og gerðum.

Guðni og Gunnar Ingi leiddu hópinn örugglega milli eyja og hólma og i gegnum strauma.

Straumurinn Knarrarbrjótur sem var á þriðja tíma á útfalli og vel straumharður, vel gekk að fara yfir hann enda öflugur hópur a ferð og var leikið og æft þar um stund áður en haldið var áfram i Purkey, þar tókum við góða hvíld við sumarhús sem stendur við vog að sunnanverðu nokkuð frá gamla bænum þar sem við ætluðum að tjalda ef plan B-gengi eftir.

Á meðan við snæddum og skoðuðum okkur um i eynni voru fallaskipti þannig að við fengum strauminn með okkur a leiðinni til baka sem var skemmtilegt enda mikil ferð á hópnum þegar mest lét en þó ekki meira en svo að allir réðu vel við aðstæður og í lok ferðar fengum við smá bónus þegar við sáum örn og unga á hreiðri tilsýndar.

Síðasta spölinn fengum við svo að kljást við mótvind sem jókst þegar leið á daginn.

Á laugardagskvöldinu var svo eins og vanalega i þessum ferðum hópast saman og grillað eða eldað og varðeldur kveiktur. Við Guðni treystum okkur ekki i skó Reynis og segja sögur og fróðleik um staðinn en



höfðum nefnt það við Hildi þar sem hún er mesti sögusnillingurinn í hópnum og hvort hún gæti tekið þann hefðbundna þátt að sér sem hún auðvitað tók vel í en þar sem hún hafi lesið Akureyja sögur má sá þáttur bíða betri tíma.

### Sunnudagur vindur

Sunnudagsróðurinn var skipulagður sem stuttur róður með landi þar sem veðurútlit var þannig að vænta mátti vinds af landi, strax við upphaf róðrar var tekið að hvesa og steypri vindur sér niður fjöllin sem gerði að við fengum ágætis æfingu í að róa í sterkum hliðarvindi og öldu.



Þar og annarstaðar sýndi yngsti þátttakandinn Viktor Kristinnson 14 ára snilldar takta sem upprennandi mjög öflugur ræðari.

### Ferðalok

Við höfðum fyrir ferðina tryggt okkur hjálp öflugra ræðara við hópstjórnun sem gerði að við vorum vel í stakk búnir að takast á við aðstæður sem upp kynni að koma en ekki kom til neinna aðgerða enda eins og fyrr sagði mjög öflugur og vanur hópur.



Ræðar voru Lárus, Guðni Páll, Svenni, Hildur, Kolla, Gísli K. Gunnar Ingi, Örlygur, Palli R. Perla, Klara, Þóra, Egill, Hákon, Kristinn, Viktor, Ólafía og Marc.

# Næturróðrar að hausti

Sept/okt 2014

## Fararstjóri Örlygur Sigurjónsson

Sem aðdraganda að Friðarsúluróðri var settur upp dagskrárauki undir yfirskriftinni Nátbuxnaróðrar. Þetta urðu þrjár róðrar í kvöldmyrkri 17. og 24. september og endaði með tjaldferð þann 1. október. Mæting var alveg ágæt, 10 og 8 og en svo 3 í tjaldferð. Um þá ferð var skrifað í dagbókina:

„...komu þrír, allir með viðlegudót, þannig að stefnan var sett beint á Þerney, en sá stutti túr var sýnd veiði en ekki gefin. Of mikill sjór norðan Geldinganes allt inn á Þerneyjarsund og brimlæti. Það þurfti því þrjár tilraunir til að komast út í eyju, eftir viðsnúning tvívegis, þar af einu sinni alla leið heim í kaffistofu, þar sem félagar kláruðu fyrir mér ömmusnúðana sem ég ætlaði að hafa í nesti..



En þetta hafðist að síðustu og við tjölduðum á eyinni austanverðri og höfðum það bara nokkuð gott. Róið til baka í morgun í ustankalda.“

„Stutt og eftirminnileg ferð er að baki undir öruggri stjórn Örlygs.

BAKKA! æpir hann og jafnskjótt má sjá samtaka áralag markvisst aftur á bak eins og í vel æfðum dansflokki og við rennum inn í skjólið við fjöruna að baki á ný. Við höfðum fylgt fjörunni frá oddanum við "Veltuvík" þar til skugginn af Helguhól skreið fram á sjóinn og lentum skyndilega þá í stríðum vindstreng og reiðilegu sjólagi. Ferðin var góð æfing í að meta hvenær ekki verður aftur snúið. Málið snýst ekki um hvort hópurinn muni komast næsta áfanga, heldur hvernig óvænt atvik verði leyst.

Við hörfuðum til baka í kaffigáminn eftir að hafa bakkað og snúið við í annað sinn norðan við Geldinganes.



Það var hrollur í okkur eftir að hafa svitnað í hviðunum, við sátum við borðið og ég var farinn að geispa enda kominn venjulegur svefntími hjá mér, en kakóballar yljuðu okkur vel. Það var ekki á dagskrá að fara heim í hlýja rúmið sitt, vindhviðurnar voru orðnar mildari, ljósið á pallinum var slökkt og róið á ný út í myrkrið.

Um tíma stefndum við á að fara um Þerneyjarsund, norðan við eyjuna í skjóli og skjótast svo fyrir vestureindann inn í víkina. Sú áætlun breyttist þegar við þeyttumst inn fyrir Þerney í vaxandi vindi og ruglandi sjólagi og tókum við land skammt sunnan við kofann.

Það var góð æfing fyrir hvern og einn að setja tjald sitt upp hjálparlaust í vindinum og þegar ég skreið inn í Helsport tjaldið góða var fjarri mér að öfunda ykkur sem kúrðuð í mjúkum rúmum í of heitum svernherbergjum.“